

Þóranri verzlunarstjóra Guðmundssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. októbermánaðar.

Nr. 34/1898:

Rjettvísín

gegn

Bjarna presti Þórarínssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Skaptafellssýslu, uppkveðnum 4. marzmán. þ. á., var hinn kærði sóknarprestur í Útskálaprestakalli, præp. hon. Bjarni Þórarínsson, dæmdur samkvæmt 134. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 145. gr., fyrir að hafa sem póstaftgreiðslumaður dregið sjer fje úr póstsjóði með rangri reikningsfærslu, í 8 mánaða einfalt fangelsi og til að endurgjalda póstsjóðnum (landssjóði) 321 kr. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnað, og málsvarnarnarlaun, 6 kr., til hins skipaða svaramanns síns, Jóns Einarssonar í Hemru, ásamt ferðakostnaði hans og fæðispeningum eptir úrskurði amstins. Eu dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn ákærði, sem var prestur í Kirkjubæjarprestakalli og prófastur í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi og bjó á Prestsbakka á Síðu, til þess er

hann fjekk Útskálaprestakall vorið 1896 og fluttist þangað, var jafnframt til sama tíma póstafrgreiðslumaður á Prestsbakka og hafði sem slíkur reikningshald á hendi fyrir póststjórnina og greiddi póstinum milli Prestsbakka og Borga laun hans og aukabóknun fyrir póstferðir milli þessara póststöðva. Það er nú með játningu ákærða og öðrum samhljóða skýrslum sannað, að hann hefur öðru hvoru, síðustu árin, sem hann var póstafrgreiðslumaður á Prestsbakka, í fyrsta skipti síðast á árinu 1893, fært póstsjóðnum til útgjalda í reikningságripum þeim, er hann sendi póststofunni í Reykjavík, borgun til póstsins fyrir aukahesta, þar sem póstur hafði eigi haft aukahesta og því eigi talið sjer eða tekið borgun fyrir þá. Oftalin borgun fyrir aukahesta, sem ákærði á þennan hátt hefur dregið sjer af póstsjóði, hefur verið sundurliðaður þannig í málinu:

í 14. póstferð 1893	1 hestur	kr.	15,00
- 6. ———	1894	1 — —	20,00
- 8. ———	s. á.	1 — —	20,00
- 7. ———	1895	1 — —	20,00
- 8. ———	s. á.	1 — —	20,00
- 12. ———	s. á.	1 — —	25,00
- 13. ———	s. á.	2 — —	50,00
- 14. ———	s. á.	1 — — (víst)	25,00
- 1. ———	1896	1 — —	25,00
- 2. ———	s. á.	2 — —	50,00
. 3. ———	s. á.	1 — —	25,00
- 4. ———	s. á.	1 — —	25,00

Flyt: kr. 320,00

Flutt: kr. 320,00

Ennfremur hefur ákærði játað að hafa vísvitandi tilfært um of borgun fyrir aukaflutning í 5. ferð 1896 kr. 10,00 en aptur hafi hann gleymt að færa til sams konar borgun, er hann hafi greitt pósti í 2. ferð 1896 kr. 9,00 Hefur hann því dregið sjer ennfremur — 1,00 eða alls haft af póstsjóði kr. 321,00

Sem heimildir fyrir þessum útborgunum ljet ákærði fylgja reikningságripunum, er hann sendi póstmeistara, kvittanir fyrir greiðslunum, er hann hafði sjálfur samið og undirskrifað með nafni hlutadeigandi pósta; og að visu var ákærði sjer þess meðvitandi, er hann ritadi nafn póstanna undir kvittanirnar, að þeir mundu eigi hafa leyft honum að rita undir þær þannig lagaðar; en að öðru leyti verður eptir skýrslum málsins að ganga út frá því, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að hann hefði samþykki þeirra til að rita nöfn þeirra undir kvittanir fyrir rjettum greiðsluupphæðum og að hjer sje því eigi að ræða um falsaðar kvittanir í eiginlegum skilningi, heldur um misbeiting á heimild þeirri, er hann hafði til að útgefa kvittanirnar undir nafni póstanna.

Ákærði var hafður í gæzluvarðhaldi í fangelsinu í Reykjavík frá 31. júlí f. á. og til ágústmánaðarloka, og gaf hann þá fullkomna játningu á broti sínu, eins og því er lýst hjer að framan, fyrst fyrir lögreglurjetti hinn 10. ágúst f. á. og síðar fyrir sama rjetti 13. og 27. s. m., en eptir að honum í lok mánaðarins hafði verið sleppt úr

fangelsinu og leyft að dvelja um hríð heima hjá sjer, þá ritaði hann amtmanni brjet, þar sem hann apturkallaði játning sína, og vildi halda því fram, að misfellur þær, er orðið hefðu á reikningum sínum, hefðu orðið af vangá og fljótfærni, en eigi verið gjörðar af ráðnum huga: hefði illur aðbúnaður í fangelsinu og veiklun á sál og líkama af fangelsisvistinni, svo og heimilisástæður sínar og vonin og löngunin til að sleppa úr varðhaldinu, og fortölur rannsóknardómarans, leitt sig til að jata á sig glæpinn, þó að hann væri saklaus af honum. Þessari apturköllun hjelt hann svo fram fyrir rjetti í Skaptafellssýslu, þar sem málið var leitt til lykta, eptir að hann hafði verið fluttur þangað. Eptir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá fangelsisstjórninni í Reykjavík og hjeraðslækninum þar um ástand og aðbúnað ákærða í varðhaldinu, verður þó eigi tekið tillit til þessarar apturköllunar á játningu ákærða, enda hefur hún eigi við neitt að styðjast, sem fram komið er í málinu, en allar skýrslur þess á hinn bóginn í fullu samræmi við játningu hans.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot, hefur með framangreindum tilverknaði unnið til hegningar samkvæmt 134. gr., sbr. 145. gr., almennra hegningarlaga, og þykir hegningin hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Um skaðabætur til póstsjóðs (landsjóðs) og málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, og ber því að staðfesta hann með fyrgreindri breytingu á hegningunni. Ákærða ber

og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni prestur Þórarinsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dæmdar skadabætur greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 45/1898:

Rjettvísín

gegn

Sigurbirni Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 15. júnímán. þ. á., var hinn ákærði dæmdur fyrir sauðapjófnað samkvæmt 231. gr., 1. lið, almennra hegningarlaga 25. júní 1869